

STF-2018-15 Errósetur á Klaustri

Markmið: Markmið verkefnisins Errósetur á Klaustri er að koma upp aðstöðu fyrir „setur“ , með safni/sýningu, um líf og uppvöxt listamannsins Erró sem ólst upp á Kirkjubæjarklaustri. Í setrinu á að miðla sögunni og segja frá uppvexti hans á Kirkjubæjarklaustri, listnámi og síðan merkjum listferli hans í máli og myndum. Einnig er það markmið verkefnisins að efla listatengda starfsemi á Kirkjubæjarklaustri og skapa öðrum listamönnum aðstöðu til að kynna og sýna verk sín í Errósetri á Klaustri.

Lýsing: Hafin er undirbúningur að verkefninu og er ábyrgðaraðili verkefnisins stjórn félags um Errósetur. Upphaf hugmynda um verkefnið Errósetur má rekja til árána 2008- 2009 þegar ættingjar listamannsins Erró tóku saman höndurn um að hrinda í framkvæmd hugmyndum um Errósetur á Kirkjubæjarklaustri, staðnum þar sem að Erró ólst upp. Tilgangur verkefnisins er fyrst og fremst að safna saman á Kirkjubæjarklaustri efni um uppvöxt og þróun Errós í listsköpun sinni, sem eins af hæfustu listamönnum þjóðarinnar, og sýna auk þess þverskurð af list hans. Setja þannig upp aðstöðu til þess að segja sögu Errós og sýna valdar myndir frá listamannsferli hans. Errósetur á Klaustri á að verða gluggi að þroskaferli Errós sem heimsþekkt listamanns. Verkefnið mun verða öllu listatengdu menningarstarfi, bæði staðbundnu og í heild, til framdráttar og verða mikilvægur afþreyingar- og fræðslustaður í héraði og á landsvísu. Errósetur er atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni og fellur það vel að viðmiðum í úthlutunarreglum úr sjóði Skaftárhrepps til framtíðar, markmiðum verkefnisins og skilaboðum frá íbúáþingi 2013.

Verkefninu var úthlutað kr. 800.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.